



## **Eigið eldvarnaeftirlit fyrirtækja og stofnana** - samvinnuverkefni slökkviliða og tryggingafélaga

### **Markmið**

1. Að stuðla að virku eigin eldvarnaeftirliti fyrirtækja, efla þannig eldvarnir fyrirtækja og draga úr brunatjóni. Með fyrirtækjum er hér einnig átt við stofnanir og annan rekstur.
2. Að nálgast almenning á vinnustað sínum og stuðla að því að fólk sé vel meðvitað um og efli eldvarnir jafnt á vinnustaðnum og á eigin heimili.

### **Markhópar**

1. Fyrirtæki um allt land. Markhópar verði þó skilgreindir nánar og þeim forgangsraðað eftir aðstæðum í samvinnu slökkviliða og tryggingafélaga á hverju starfssvæði slökkviliðs.
2. Starfsmenn fyrirtækja, jafnt hvað varðar þátttöku þeirra í eldvörnum vinnustaðarins og eflingu eldvarna á heimilum þeirra.

### **Hjálpargögn**

Eldvarnabandalagið (EB) hefur gefið út eftirfarandi gögn sem nýtast við framkvæmd verkefnisins:

1. Kynningarbækling um eigið eldvarnaeftirlit fyrirtækja og stofnana.
2. Leiðbeiningar um framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits fyrirtækja og stofnana.
3. Veggspjald með upplýsingum fyrir starfsfólk um eldvarnir á vinnustaðnum.
4. Gátlista fyrir mánaðarlegt og árlegt eldvarnaeftirlit (sjá svæði EB á [www.mvs.is](http://www.mvs.is)).
5. Handbók um eldvarnir heimila.

Slökkvilið og tryggingafélög hafa fengið þessi gögn afhent en geta haft samband við Mannvirkjastofnun sé þörf fyrir prentun. Gögnin eru auk þess öll aðgengileg á svæði EB á [www.mvs.is](http://www.mvs.is).

Einnig er mælt með að afhent verði veggspjald um logavinnu og kynnt námskeið vegna hennar.

### **Undirbúningur og skipulag**

Slökkviliðsstjóri komi á fundi með fulltrúum tryggingafélaga sem hagsmuna eiga að gæta á starfssvæðinu. Á fundinum verði farið yfir verkefnið og gerður listi yfir fyrirtæki sem heimsækja þarf, sem hér segir:

1. 5-50 fyrirtæki sem skuli hafa brýnan forgang, eftir fjölda fyrirtækja á svæðinu.
2. Önnur fyrirtæki.

Slökkviliðsstjóri og fulltrúar tryggingafélaga geri áætlun um heimsóknir til fyrirtækja til að minnsta kosti árs í senn.

## **Fyrirtækjum kynnt verkefnið**

Slökkviliðsstjóri, fulltrúi hans eða fulltrúi viðkomandi tryggingafélags óskar eftir fundi með forsvarsmönnum viðkomandi fyrirtækja. Þar er verkefnið kynnt og farið yfir mikilvægi þess að fyrirtækið hefji eigið eftirlit með eldvörnum.

Forsvarsmönnum fyrirtækisins er nú afhent eftirfarandi:

- Kynningarbæklingur EB um eigið eldvarnaeftirlit og/eða leiðbeiningar um eigið eldvarnaeftirlit fyrir fyrirtæki og stofnanir.
- Nægilegur fjöldi plakata EB með upplýsingum um eldvarnir fyrir starfsfólk. Plakötin skulu fara upp á áberandi stað/stöðum þar sem starfsfólk hefur aðgang að þeim.

Einnig eru þeim kynntir gátlistar fyrir mánaðarlegt og árlegt eftirlit.

Ákveði forsvarsmenn að hefja reglubundið eldvarnaeftirlit rita aðilar undir sameiginlega yfirlýsingu um samstarf vegna þessa (sjá svæði EB á [www.mvs.is](http://www.mvs.is)).

## **Undirbúningur heimsóknar**

Þegar samstarfi hefur verið komið á er ákveðin dagsetning fyrir heimsókn slökkviliðsstjóra eða fulltrúa hans og eftir atvikum fulltrúa viðkomandi tryggingafélags.

Fyrir heimsóknina er leitað tilboða hjá söluaðilum viðurkennds eldvarnabúnaðar um sölu búnaðar á hagstæðu verði til starfsfólks. Búnaðurinn er a.m.k.:

- Reykskynjarar, stakir og samtengdir, jónískir og optískir
- Slökkvitæki
- Eldvarnateppi

## **Heimsókn í fyrirtæki**

Heimsóknir til fyrirtækis eru ein eða fleiri, eftir stærð fyrirtækis og samkvæmt samkomulagi við forsvarsmenn. Þegar fyrirtæki er heimsótt fer eftirfarandi fram:

- Allir starfsmenn fá fræðslu um helstu atriði eldvarna á vinnustaðnum og heimilinu (sjá glærुकynningu á svæði EB á [www.mvs.is](http://www.mvs.is)).
- Allir starfsmenn fá afhenta handbók EB um eldvarnir heimila.
- Gerð er könnun á eldvörnum á heimilum starfsfólks (sjá eyðublað á svæði EB á [www.mvs.is](http://www.mvs.is)).
- Kynnt er tilboð um kaup á eldvarnabúnaði á hagstæðu verði.
- Haldin rýmingar- og eldvarnaæfing á vinnustaðnum.

## **Eftirfylgni**

Slökkviliðsstjóri heldur í gagnagrunni fyrir eldvarnaeftirlit skrá yfir fyrirtæki sem hefja eigið eldvarnaeftirlit. Hann grennslast fyrir um það eigi sjaldnar en árlega hvort eftirlitið er virkt og skráir athugasemd um það í gagnagrunn fyrir eldvarnaeftirlit.